



Reykjavík, 27. ágúst 2018
R18080048
4450
HBL/bp

Skóla- og frístundaráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að breyta inntökuskilyrði í Klettaskóla

Á fundi borgarráðs þann 23. ágúst 2018 var svohljóðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 52. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. ágúst 2018, ásamt greinargerð, vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að inntökuskilyrði í Klettaskóla verði endurskoðuð og í stað greina 1 og 2 þar sem segir: „Innritun í Klettaskóla. 1. Klettaskóli er einn af grunnskólum Reykjavíkur og er sérskóli fyrir nemendur með þroskahömlun. Skólinn er fyrir nemendur með: miðlungs, alvarlega og djúpa þroskahömlun með eða án viðbótarfatlana væga þroskahömlun og skilgreinda viðbótarfötlun/fatlanir s.s. einhverfu, blindu, heyrnarleysi og alvarlega hreyfihömlun“ skal koma einungis: „Klettaskóli er sérskóli sem ætlaður er börnum með sérþarfir vegna þroskahömlunar. Umsóknir eru metnar í samvinnu við foreldra á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga um nemandann.“

Borgarráði skulu berast upplýsingar um vinnslu málsins um leið og þær berast. Sömuleiðis skal upplýsa borgarráð ef ófyrirsjáanlegar tafir verða á vinnslu málsins.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:
Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

SKJALAVER HÖFÐATORGI
28. AGÚ. 2018
Málsnr.: <u>SFS2018-08-0157</u>
Bréfalykill: <u>7.1</u>

Borgarráð
16. ágúst 2018

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að breyta inntökuskilyrðum í Klettaskóla

Lagt er til að inntökuskilyrði í Klettaskóla verði endurskoðuð og í stað greina 1 og 2 þar sem segir: „Innritun í Klettaskóla. 1. Klettaskóli er einn af grunnskólum Reykjavíkur og er sérskóli fyrir nemendur með þroskahömlun. Skólinn er fyrir nemendur með: • miðlungs, alvarlega og djúpa þroskahömlun með eða án viðbótarfatlana • væga þroskahömlun og skilgreinda viðbótarfötun/fatlanir s.s. einhverfu, blindu, heyrnarleysi og alvarlega hreyfihömlun“ skal koma einungis: „Klettaskóli er sérskóli sem ætlaður er börnum með sérþarfir vegna þroskahömlunar. Umsóknir eru metnar í samvinnu við foreldra á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga um nemandann.“

Greinargerð:

Ef foreldrar óska eftir skólavist fyrir barn sitt í Klettaskóla er lagt til að fyrirkomulagið verði þannig að foreldrar senda skólanum grunnupplýsingar um barnið og myndi þá það vera hlutverk skólans að fara yfir umsóknina í samvinnu við foreldra og sveitarfélagið Reykjavík og meta hvort Klettaskóli sé hentugur fyrir nemandann.

Við viljum gjarnan vera framarlega í jafnréttismálum, fordómaleysi og umburðarlyndi. En metnaður okkar má aldrei verða skaðlegur börnum okkar.

Árið 2011 voru sett ströng inntökuskilyrði í Öskjuhlíðarskóla, eina skóla landsins sem ætlaður var börnum með þroskahömlun. Börn með væga þroskahömlun (IQ 69-50) fengu ekki lengur aðgang að skólanum. Þetta var m.a. gert í þeim tilgangi og þeirri von um að hugmyndin um skóla án aðgreiningar færi að virka. Það er, ef sérskólinn lokaði á þennan hóp barna, myndi almenni skólinn taka við sér og standa sig betur í að koma til móts við börn með sérþarfir.

Það er mat Flokks fólksins að þarna hafi verið byrjað á vitlausum enda og ákvörðunin tekin án umræðu við þá sem málið varðaði. Þessu mótmæltu margir foreldrar fatlaðra barna. Nú eru börn með væga þroskahömlun ekki velkomin í skólann sem nú hefur fengið nafnið Klettaskóli. Umsóknir um skólavist þar hafa þó sjaldan ef nokkurn tímann verið fleiri. Lítil sem engin rök hafa verið færð fyrir þessu annað en það að gott sé fyrir ófötluð börn að kynnst fötluðum börnum. Önnur rök eru þau að á Íslandi sé skóli án aðgreiningar og að ófötluð börn séu góðar fyrirmyndir fyrir fötluð börn. Þessi rök hljóma vel á blaði og einnig ef til vill í eyrum einhverra. Það er ekki talað um það hvernig sumum fötluðu börnunum líður í skóla þar sem þau finna vanmátt sinn, eru öðruvísi og eignast ekki vini á jafningjagrundvelli.

Það er öllum mikilvægt að finna sig í samfélagi meðal jafningja og þess vegna er það mörgum börnum með þroskahömlun afar mikilvægt að fá að stunda nám með öðrum börnum með þroskahömlun og hafa þannig aðgang að jafningjasamfélagi.

Börn með þroskafrávik, hverju nafni sem þau nefnast, eiga að fá menntun og þjónustu við hæfi og hafa aðgang að þeim skóla og því samfélagi þar sem þau þrífast best andlega og félagslega. Öll börn með þroskahömlun eiga að hafa aðgang að sérskóla sé það talið besta mögulega úrræðið fyrir þau og á það undir öllum kringumstæðum að vera val foreldra hvort sótt er um fyrir barn með þroskahömlun í almennum skóla eða sérskóla.